

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Reykjavík, 28. ágúst 2020

Tilvísun: 202006075 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags vegna vindorkuvers á jörðinni Skáldabúðir (Hrútmúlavirkjun)

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur, með erindi dags. 24. júní 2020, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 24. apríl 2020, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og gerð deiliskipulags skv. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

Viðfangsefni fyrirhugaðra skipulagstillagna er í meginatriðum að marka stefnu um iðnaðarsvæði, allt að 750 ha, fyrir vindorkuver á jörðinni Skáldabúðir. Um er að ræða að hámarki 25 vindmyllur með framleiðslugetu allt að 85 MW.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn bendir á eftirfarandi atriði til frekari skoðunar í skipulagsferlinu og við mótun tillögu og umhverfismat hennar:

Stefna stjórnvalda um nýtingu vindorkunýtingu

Skipulagsstofnun vinnur nú að mótun skipulagsstefnu um vindorkunýtingu og viðmið fyrir ákvarðanir um staðsetningu vindorkuvera með tilliti til landslagssjónarmiða. Verkefnið fellur undir vinnu við gerð viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 með áherslu á loftslag, landslag og lýðheilsu. Fyrirhugað er að kynna tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu nú í haust. Um er að ræða stefnu sem er ætlað að liggja til grundvallar skipulagsgerð sveitarfélaga og annarri áætlanagerð og ákvarðanatöku stjórnvalda, þ.m.t. vinnu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar. Skipulagsstofnun beinir því til Skeiða- og Gnúpverjahrepps að taka mið af tillögunni við frekari mótun skipulagshugmynda í landi Skáldabúða, sem og við stefnumótun um smávirkjanir, vindrafstöðvar og vatnsaflsvirkjanir sem sveitarfélagið ætlar að vinna í samráði við nágrennasveitarfélögin sbr. aðgerð í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í kafla 2.3.7.

Skipulagsforsendur fyrir ákvörðun um vindorkunýtingu á svæðinu

Eins og áður segir liggur ekki fyrir stefna á lands- eða svæðisvísu um vindorkunýtingu, þ.e. við hvaða aðstæður eða á hvers konar svæðum stefnt skuli að nýtingu vindorku eða hún komið til greina. Því er mikilvægt að sveitarfélagið geri grein fyrir þeim skipulagslegu forsendum sem liggja að baki skipulagsákvörðun um þetta tiltekna verkefni, sbr. framlagða lýsingu. Í skipulagstillögu þarf að skýra af hverju sveitarfélagið telur þetta ákjósanlega nýtingu og staðsetningu fyrir vindorkunýtingu og hverjar eru helstu áherslur og markmið sveitarstjórnar með breyttri stefnu um landnotkun. Skýra þarf hvers vegna þörf er á allt að 750 ha svæði fyrir vindorkuver sem er talsvert stærra svæði en áform um sambærilega uppbyggingu annars staðar á landinu gera ráð fyrir.

Miðað við stærð áformaðs iðnaðarsvæðis má ætla að hluti þess nái inn fyrir mörk miðhálandisins eins og þau eru skilgreind í landsskipulagsstefnu. Gera þarf grein fyrir því hvort og þá hvernig

vindorkunýting á svæðinu samræmist landsskipulagsstefnu, sérstaklega ákvæðum hennar sem varða miðhálandið og hvaða sjónarmið liggja til grundvallar því að sveitarfélagið telur þessa staðsetningu henta fyrir vindorkuver. Einnig þarf að gera grein fyrir landnotkun og nýtingu á svæðum í grennd, fjarlægð frá næstu bæjum í byggð, ferðamannastöðum og -leiðum, verndarsvæðum, víðernum og öðrum þáttum sem geta orðið fyrir áhrifum af byggingu og rekstri vindorkuvers á þessu svæði.

Uppsetning vindorkuvers kallar á ýmsar framkvæmdir sem ekki er fjallað um í lýsingunni en gera þarf grein fyrir í skipulagstillögu eins og efnistöku, aðkomuvegi, vegum innan framkvæmdasvæðis, safnstöð raforku og tengingu við raforkuflutningskerfið. Skoða þarf aðflutningsleiðir (vegi og brýr) vegna flutnings aðfanga að framkvæmdasvæði.

Bent er á að hafa samráð við Landsnet vegna tenginga við flutningskerfi raforku.

Umhverfismat skipulagstillagna og samhliða ferli mats á umhverfisáhrifum

Lýsing á því hvernig staðið verður að umhverfismati skipulagstillagnanna er almenn og segir ekki til um hvaða gögn eða greining liggur fyrir eða hvaða upplýsinga verður aflað til að leggja til grundvallar mati á áhrifum skipulagstillagnanna. Eins og fram kemur í lýsingunni er vindorkuverið háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br. Þá segir í lýsingunni að í mati á umhverfisáhrifum verði gerð ítarleg grein fyrir vistgerðum og áhrifum á fuglalíf en í því sambandi er bent á að rannsóknir á fuglalífi þurfa að standa yfir í nokkurn tíma svo þær gefi fullnægjandi upplýsingar um t.d. flug farfugla. Þar sem um er að ræða eina tiltekna framkvæmd mælir Skipulagsstofnun með að unnið verði samhliða að breytingu á aðalskipulagi, deiliskipulagi og mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Af því hlýst ákveðið hagræði og skilvirkni hvað varðar öflun upplýsinga og greiningu gagna auk þess sem kynning og samráð verður markvissari. Framkvæmdaraðili þarf að leggja fram tillögu að matsáætlun til ákvörðunar Skipulagsstofnunar. Þegar ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun liggur fyrir verði unnið að tillögum að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi og þær kynntar samhliða mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Sveitarstjórn tekur síðan endanlega ákvörðun um skipulagsáformin þegar niðurstaða mats á umhverfisáhrifum liggur fyrir þ.e. matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Umhverfisáhrif vindorkuvera snúast ekki síst um áhrif á landslag þar sem vindmyllur geta verið áberandi og jafnvel ráðandi í landslagi, vegna stærðar og forms vindmylla, fjölda þeirra og hreyfingar spaða. Það hefur í för með sér að ásýnd landslags og upplifun af því breytist. Í lýsingunni er ekki vikið að því hvernig unnið verður með landslag og ásýnd við mótun skipulagstillagnanna en ásýndarmyndir með og án vindorkuvers frá mismunandi sjónarhornum eru mikilvægur hluti þeirrar greiningar og kynningargagna sem vinna þarf vegna skipulags og umhverfismats auk sýnileikagreiningar. Þá er tilefni til að bera saman og meta valkosti um stærð og umfang fyrirhugaðrar vindorkunýtingar, fyrirkomulag/niðurröðun og hæð vindmylla og tengingu vindorkuversins við flutningskerfi raforku.

Til upplýsingar vekur Skipulagsstofnun athygli á nýlegum ákvörðunum stofnunarinnar um matsáætlanir fyrir vindorkuver skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, sem gefa innsýn í þau atriði sem taka þarf afstöðu til við stefnumótun og skipulagsákvæðanir um vindorkunýtingu. Annars vegar er um að ræða áform um vindorkuver í landi Garpsdals í Reykhólahreppi og hins vegar að Hróðnýjarstöðum í Dalabyggð. Ákvæðanirnar eru aðgengilegar í gagnagrunni umhverfismats á vef Skipulagsstofnunar:

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1563/201902056%20Vindorka%20Garpsdalur.pdf>

og

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1562/201811038%20Vindorka%20Hróðnýjarstadir.pdf>

Stefna og skipulagsákvæði

Í skipulagstillögu þarf að koma fram stefna og skipulagsákvæði um alla þá þætti sem varða iðnaðarsvæðið, vegi og rafstrengi/raflínur, hæð vindmylla og atriði sem lúta að aðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum breytingarinnar sem væntanlega skýrast nánar við mat á umhverfisáhrifum vindorkuversins.

Skipulagsferlið og samráð við almenning og hagsmunaaðila

Í kafla 5 í lýsingunni eru tilgreindar þær lágmarkskröfur sem skipulagslög tilgreina um kynningar og samráð við skipulagsgerð. Nýting vindorku hér á landi felur í sér nýjar áskoranir fyrir skipulag á landsvísu og skipulagsgerð sveitarfélaga enda um að ræða mjög stór mannvirki. Við mat á umhverfisáhrifum áformaðs vindorkuvers Landsvirkjunar við Búrfell voru lagðar fram niðurstöður rannsókna um líkleg áhrif þeirrar framkvæmdar á umhverfið, m.a. á samfélag og ferðaþjónustu, sem undirstrika ólík sjónarmið og viðhorf til vindorkuvera. Því er mikilvægt að eiga ríkulegt samráð og samtal við íbúa og aðra hagsmunaaðila, m.a. rekstraraðila í ferðaþjónustu og umhverfisverndarsamtök, á öllum stigum skipulags- og umhverfismatsferlisins, ekki aðeins til að upplýsa heldur ekki síður til að fá fram gagnlegar upplýsingar og sjónarmið.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.



Birna Björk Árnadóttir

